



**Háskólinn
á Akureyri**

Hug og félagsvísindasvið

Lagadeild

2011

Skaðsemisábyrgð á Íslandi og Danmörku

Bótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila

Ingví Hrafn Ingvason

Lokaverkefni á Hug- og félagsvísindasviði



Háskólinn
á Akureyri

Hug og félagsvísindasvið

Lagadeild

2011

Skaðsemisábyrgð á Íslandi og Danmörku

Bótaábyrgð framleiðenda og dreifingaraðila

Ingví Hrafn Ingvason

Lokaverkefni til 180 eininga B.A.-prófs á Hug- og félagsvísindasviði

Leiðbeinandi: Ólafur Lúther Einarsson

Yfirlýsing

- a) Ég undirritaður lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og er það ágóði eigin rannsókna og vinnu.

Ingvi Hrafn Ingvarson
2203842929

- b) Það staðfestist hér með að þetta lokaverkefni fullnægir að mínum dómi kröfum til B.A.-prófs í félagsvísinda og lagadeild.

Ólafur Lúther Einarsson

Útdráttur

Eins og titill ritgerðarinnar gefur til kynna fjallar hún um Skaðsemisábyrgð en þó aðallega bótagrundvöll framleiðanda og dreifingaraðila. Evrópubandalagið gaf út tilskipun árið 1985 til aðildarríkja um samræmingu á lögum um skaðsemisábyrgð. Ísland hvorki var né er aðildarríki að Evrópubandalaginu og var því leitað til Danmerkur varðandi lagasetningu um skaðsemisábyrgð. Lögin í Danmörku tóku gildi árið 1989, íslensku lögin tóku gildi 1.jan árið 1992. Lögin um skaðsemisábyrgð á Íslandi eru nr. 25/1991. En hvernig var eldri réttur ? Áður en lögin á Íslandi tóku gildi þá voru engin lög sem beinlínis tóku á þeim tjónum sem vörðuðu hættulega eiginleika á söluvörum. Þá var gripið til þess að beita Kauplögunum til að ná fram niðurstöðu, og þótti oft á tíðum erfitt. Dómstólar áttu að vera fordæmisgefandi en það var í raun ekki nægjanlegt því niðurstöður voru settar fram án rökstuðnings. Óvissan var því mikil. Farið verður almennt yfir skaðsemisábyrgð bæði óháð lögum og öfugt, tekin verða fyrir helstu álitafni sem varða skaðsemisábyrgð á Íslandi. Síðar verður tekinn samanburður á 6. og 10. gr. íslensku og dönsku laganna. Dönsku lögin hafa gengið í gegnum breytingar og var 10. gr. sem fjallar um bótaábyrgð dreifingaraðila breytt árið 2006 í kjölfar máls sem danski landsrétturinn sendi EB dómstólnum til forúrskurðar. Með breytingunni eru Danir með mun skýrari 10. gr. en áður var. Af hverju hafa Íslendingar ekki fylgt Dönum í þessari lagasetningu ? Núna er Ísland aðili að EES samningum og verður Evrópuréttur tekinn fyrir með hliðsjón af bókun 35 sem kom með samningnum, hvort þjóðarréttur skuli ganga framur landsrétti við þær aðstæður sem kunna að koma upp. Í lokin er svo stutt samantekt um ritgerðina og niðurstöður hennar ræddar.

Abstract

As the title of the essay indicates, it focuses on product liability, primarily benefit the foundation manufacturer and distributor bottoms party. The European Community issued a Directive in 1985 to member states on harmonization of laws on product liability. Iceland was and is not a member state at the time and they looked to Denmark regarding legislation on product liability. The law took effect in Denmark in 1989; the Icelandic law took effect in 1992 1.jan. The law on product liability in Iceland are no. 25/1991. But how was it before the legislation? Before the law took effect in Iceland, there were no laws that directly took on the claims concerning dangerous products on sale characteristics. At this time the Purchase Communities was used to achieve results, but it was often difficult. The courts were supposed to give precedents but it really was not possible because the results were presented without justification. Uncertainty was high.

The essay will generally be about the product liability independently and vice versa, the major issues of the product liability in Iceland will be reviewed. Two articles will be inspected and comparison will be made, that is the 6th and Article 10 in Icelandic and Danish laws. The Danish law have gone through a change and Article 10. which deals with liability distributor was changed in 2006 after a case that the Danish national court sent the EC Court prior ruling. After the change the 10th article in the Danish law is much clearer than previously. Why did Iceland not follow the Danes in this legislation? Now Iceland is a member of the EEA agreement and EU will be taken and reviewed with regard to protocol 35, which follows the agreement, whether international law should take precedence over national law in circumstances that may arise. In the end there is a brief summary of the thesis and its results discussed.

Þakkarorð

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Ólafi Lúther fyrir þægilegt og gott samstarf. Kristínu Jónasdóttur þakka ég yfirlesturinn og góð ráð. Síðast en ekki síst þakka ég konu minni Kristínu Heiðu Garðarsdóttur og börnum okkar tveim, Lovísu Björk og Patreki Erni fyrir þolinmæðina og mikinn stuðning á þeim tíma sem á verkefninu stóð.

Akureyri, 11.maí 2011

Ingví Hrafn Ingvason

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Almenn um skaðsemisábyrgð – óháð löggjöf	4
2.1. Almenn.....	4
2.2. Hlutlæg ábyrgð.....	6
2.3. Tengsl við skaðabótarétt	6
2.4. Staða skaðsemisábyrgðar innan fræðikerfis lögfræðinnar	7
3. Eldri réttur	8
3.1. Kaupalög.....	8
3.2. Réttarheimild og bótagrundvöllur.....	9
4. Evrópuréttur	13
4.1. Tilskipun 85/374/EBE.....	13
4.2. Tilskipanir og reglugerðir.....	15
4.3. Bókun 35 við EES samninginn	16
5. Lög nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð	19
5.1. Almenn um lögin.....	19
5.2. Vara í skilningi laganna.....	20
5.3. Vara haldin ágalla eða röng notkun	20
5.4. Sönnun og orsakatengsl.....	21
5.5. Dönsk fyrirmynd.....	21
6. Samanburður á ákvæðum 6. og 10. gr. íslenskra og danskra laga um skaðsemisábyrgð.....	23
6.1. Almenn.....	23
6.2. Framleiðandi samkvæmt lögum nr. 25/1991.....	23
I. Hver telst vera framleiðandi skv. lögnum.....	23
II. Hvaða ábyrgð ber framleiðadi skv. lögnum.....	24
III. Eðlilegar reglur ?.....	25
6.3. Dreifingaraðili samkvæmt lögum nr. 25/1991	26
I. Hver telst vera dreifingaraðili skv. lögnum.....	26
II. Dómur Hæstaréttar í máli 79/2010	26
III. Hvaða ábyrgð ber dreifingaraðili skv. lögnum	27

IV. Eðlilegar reglur ?.....	28
6.4. Ákvæði 6. gr. dönsku laganna um skaðsemisábyrgð.....	29
6.5. Ákvæði 10. gr. dönsku laganna um skaðsemisábyrgð.....	29
I. Mál 402/03. Forúrskurður.....	30
6.6.Niðurstaða umfjöllunar um 10. gr.....	31
7. Samantekt og lokaorð	33
Heimildarskrá.....	35

1. Inngangur

Lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 tóku gildi þann 1. janúar 1992 („sál.“). Fyrir þann tíma giltu engar settar lagareglur um skaðsemisábyrgð á Íslandi. Tilgangur lagasetningar var m.a. að samræma íslenskar reglur um skaðsemisábyrgð lögum annarra Evrópuríkja, en Evrópubandalagið (hér eftir „bandalagið“) hafði á árinu 1985 gefið út tilskipun¹ sem átti að samræma löggjöf aðildarríkja þess á þessu sviði.² Skaðsemisábyrgðarlögin eru að mestu leyti byggð á dönskum lögum um skaðsemisábyrgð eða lög nr. 371 frá 7. júní 1989 um skaðsemisábyrgð³ („pal.“). Seinna meir breyttu Danir sínum lögum en Íslendingar hafa ekki fylgt á eftir í þeim efnum.

Ritgerðin skiptist í nokkra kafla sem geta allir staðið sjálfstætt en þó er innbyrðis samhengi á milli þeirra. Aðalviðfangsefni hennar er að ákvarða efni ákvæða 6. og 10. gr. laga um skaðsemisábyrgð og bera það saman við ákvæði tilskipunar bandalagsins með það í huga hvort þau séu sambærileg. Ákvæði 6. gr. laganna fjallar um ábyrgð framleiðanda á skaðsemistjóni en ákvæði 10. gr. þeirra fjallar um ábyrgð dreifingaraðila.

Fyrst verður skaðsemisábyrgðin skoðuð almennt eða óháð allri löggjöf, þ.e.a.s. tengsl við almennan skaðabótarétt og stöðu skaðsemisábyrgðar innan fræðikerfis lögfræðinnar. Því næst skoða ég eldri rétt á Íslandi og þær réttarheimildir sem byggt var á áður en lögin tóku gildi. Viðfangsefni 4.kafla eru tengslin við Evrópurétt, en þar fjalla ég um tilskipun EBE frá 1985 sem og almennt um tilskipanir, reglugerðir og samræmingar á lögum. Bókun 35 við EES samninginn verður einnig skoðuð. Í 5.kafla verða íslensku lögin um skaðsemisábyrgð tekin fyrir, innihald þeirra skoðað og þær skilgreiningar sem eru í lögunum. Aðalkaflinn er svo númer 6. Þar er samanburður á lögum um skaðsemisábyrgð á Íslandi og í Danmörku. Kaflinn verður að mestu byggður á 6. og 10. gr. laganna en þær fjalla um bótagrundvöll framleiðanda og dreifingaraðila. Einnig verða forúrskurðir frá Evrópudómstólnum (ECJ) skoðaðir í þessu samhengi. Í lokin er svo samantekt þar sem aðalatriði ritgerðarinnar verða tíunduð. Markmið þessarar ritgerðar er annars vegar að skoða söguna um skaðsemisábyrgð á Íslandi og hins vegar samanburður lagagreina í íslensku og dönsku lögunum til að komast að því hvort merking þeirra sé sú sama. Þær heimildir sem notast er við eru mest megnis úr bókum sem íslenskir fræðimenn hafa ritað. Einnig er notast við lagafrumvörp á Íslandi og í Danmörku, og stuðst við dóma, íslenska sem erlenda.

¹ Um er að ræða tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. Júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum.

² Alþt. 1990, A-deild, þskj. 1129 – 36. mál.

³ Lov nr. 371 af 7. júní 1989 om produktansvar.

2. Almennt um skaðsemisábyrgð – óháð löggjöf

2.1. Almennt

Skaðsemisábyrgð er frekar nýtt lagahugtak í íslenskum rétti. Skaðsemisábyrgð fellur undir skaðabótarétt. Skaðsemisábyrgð (produktansvar í Danmörku og product liability í Bandaríkjunum) er ábyrgðin sem framleiðandi og dreifingaraðili bera ef varan veldur tjóni á öðrum hlut eða líkamstjóni. Grundvöllurinn fyrir tjóni af völdum skaðsemisábyrgðar er hins vegar sá að varan hafi verið notuð skv. leiðbeiningum eða á venjulegan hátt og það stafi ágalli af henni.⁴ Ábyrgðin tekur ekki til skemmda eða galla á vörunni sjálfri. Um það efni gildir svonefndur kauparéttur (lög um lausafjárkaup).

Skaðsemisábyrgð getur einungis tekið til muna sem keyptir eru og ætlaðir eru til einkanota. Hugtakið vara nær ekki til þjónustu. Ekki er þar með sagt að allir hlutir falli undir þetta. Flestir hlutir geta haft hættu í för með sér við ólíkar aðstæður, en þó fjarri að þeir séu haldnir hættulegum eiginleikum. Hnífur sem aðili sker sig á eða ofn sem einhver brennir sig á eru óhöpp sem ekki eru til komin vegna hættulegra eiginleika vörunnar og falla ekki undir skaðsemisábyrgð eingöngu vegna þess að slys hlýst af notkun hlutarins.⁵ Það gildir hins vegar annað þegar ekki er hægt að nota hlut á þann hátt sem til er ætlast en þá er talið að hluturinn hafi hættulega eiginleika þar sem ekki er hægt að treysta því að hann sé öruggur við venjulega notkun miðað við þær kröfur sem gerðar eru til sams konar hlutar. Nefna má hníf með blaði sem losnar við venjulega notkun eða jafnvel bíl með hemlabúnaði sem bilar vegna efnisgalla.⁶

Á síðari hluta 20. aldar fór mikið fyrir fræðilegri umfjöllun um skaðsemisábyrgð í Evrópu. Á seinni árum virðist hafa dregið úr þessari fræðilegu umfjöllun og má tengja það við það að skaðsemisábyrgð hefur ekki verið mjög fyrirferðarmikil í dómaframkvæmd. Hver er hugsanlega ástæðan er ekki vitað en leiða má þó líkur að því að öll framleiðsla á vörum og kynning á henni hefur verið reglufest í Evrópu, ekki síst að hálfu Evrópusambandsins.⁷

Vegna aukinna viðskipta milli þjóða voru gerðar kröfur um samræmingu á reglum varðandi skaðsemisábyrgð. Á síðari árum hefur náðst mikil réttareining á þessu sviði í Evrópu.⁸ Því má þakka löggjöf sem á rætur sínar að rekja til tilskipunar EBE frá árinu 1985.

⁴ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 517.

⁵ Arnljótur Björnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 86.

⁶ Arnljótur Björnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 86.

⁷ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 523.

⁸ Viðar Már Matthíasson, Skaðabótaréttur, bls 523.

Skaðsemisábyrgð er ekki bundin við eina tiltekna vöru eða einn vöruflokk. Varan sem keypt er verður að vera til einkanota. Þau tjón sem verða geta verið af ýmsum toga. Í þeirri umfjöllun sem þetta viðfangsefni hefur fengið í gegnum tíðina er leitast við að flokka þá ágalla á vöru sem leiða til skaðsemisábyrgðar. Fræðimenn hafa þó ekki verið sammála um flokkunina eða hvort að rétt sé að sömu reglu gildi um bótagrundvöllinn í öllum flokkum.⁹

Þeir flokkar sem helst hafa komið til umræðu eru t.d. framleiðslugalli, þá er átt við ágalla sem verður til vegna mistaka eða óhappa í framleiðsluferli hennar. Ef um hönnunnargalla er að ræða eru öll eintökin sem framleidd eru samtímis við sömu aðstæður haldin sama ágallanum. Vara getur verið haldin ágalla fylgi ófullnægjandi leiðbeiningar. Þá er átt við að þær séu ekki til staðar, ófullnægjandi eða að þær séu beinlínis rangar. Ágalli getur leynst í eiginleikum vörunnar, eiginleikar sem voru óþekktir í fyrstu en koma í ljós við notkun. Það þykir vafamál að þessi flokkur falli undir skaðsemisábyrgð. Síðan er svo vara sem hefur hættuleg aukaáhrif. Þetta á þó aðallega við aukaverkanir vegna ýmissa lyfja.¹⁰

Skaðsemisábyrgð hefur verið túlkuð sem víðtæk ábyrgð, það þýðir einfaldlega að ekki er krafist saknæmis eða ólögmetis af hálfu hins bótaskylda eða starfsmanns hans.¹¹ Einungis er áskilið að varan sé haldin ágalla. Sé ekkert athugavert við vöruna þá kemur ekki til skaðabótaábyrgðar. Skaðsemisábyrgð er því afbrigði af hlutlægri ábyrgð þar sem skilyrðum um ágalla þarf að vera fullnægt.¹²

Víðtæk ábyrgð hefur verið réttlætt þannig að neytandi eigi erfitt með að verjast tjóni af þessu tagi og hann verði að treysta því að söluhlutur sé ekki hættulegur. Framleiðandi og seljandi eiga auðveldara með að meta hvort hætta er á ferðum og gera þá ráðstafanir til varnar ef svo er.¹³ Það er því hlutverk víðtæku ábyrgðarinnar að hvetja þá til slíkra ráðstafana. Það er hins vegar ósanngjarnt að gera kröfur til t.d. smásala um að hann viti bókstaflega allt um vöruna, flestir þeirra vita ekki hvernig varan varð til og flestar þær vörur sem hann kaupir inn eru í lokuðum umbúðum sem fara beint til neytandans.

⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 523.

¹⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 525.

¹¹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 527.

¹² Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 527.

¹³ Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti, bls 287.

2.2. Hlutlæg ábyrgð

Hlutlæg ábyrgð er ábyrgð án sakar í skaðabótarétti. Með hlutlægum atriðum er einkum vísað til almennrar skynjunar eða mats svo og til hlutræns veruleika líkamlegra hluta.¹⁴

Hlutlæga ábyrgðin er víðtækasta reglan um bótagrundvöllinn í skaðabótarétti. Reglan lýsir sér þannig að það stofnast skaðabótaskylda þrátt fyrir að enginn hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Skilyrði er að orsakasamband sé á milli þeirrar háttsemi, sem hin hlutlæga háttsemi tekur til, og tjónsins. Það er eitt aðalatriðið við beitingu reglunnar um hlutlæga ábyrgð að sanna orsakatengsl milli þeirrar háttsemi sem hlutlæga ábyrgðin tekur til og tjóns¹⁵.

Til eru nokkur lagaákvæði sem mæla fyrir um hlutlæga ábyrgð og má þar nefna umferðarlög nr. 50/1987, siglingalög nr. 34/1985 og loftferðalög nr. 60/1998.

Þegar kemur að hlutlægri ábyrgð vegna laga um skaðsemisábyrgð þá hafa fræðimenn verið sammála um eitt, það er verndin sem neytandinn fær í lögunum. Tilgangur hlutlægu ábyrgðarinnar er að veita neytandanum bótarétt vegna líkamstjóns eða skemmda á munum er hlýst af vöru sem er haldin ágalla. Í lögunum um skaðsemisábyrgð eru það framleiðandi og dreifingaraðili sem bera hina hlutlægu ábyrgð¹⁶. Það er hinsvegar í 4. gr. laganna tíundað hverjir beri hina hlutlægu ábyrgð en það getur verið allt frá þeim sem aflar hráefni í vöru, til smásalans sem neytandinn á síðan viðskipti við.¹⁷

2.3. Tengsl við skaðabótarétt

Þrátt fyrir að lög um skaðsemisábyrgð séu í gildi þá takmarkar það ekki þann rétt sem tjónþoli kann að hafa samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar innan eða utan samninga en það kemur fram í 13. gr. laganna. Tjónþoli getur ráðið því hvora leiðina hann fer verði hann fyrir tjóni sem fellur undir skaðsemisábyrgð. Sjái tjónþoli að hagstæðara sé fyrir hann að fara eftir hinum almennu reglum skaðabótaréttar þá er það möguleiki. Flestir sem fara þá leið gera það til að komast hjá ábyrgðartakmörkun laganna. Þetta er hægt þrátt fyrir að sakarefnið sé fyrir utan gildissvið laganna. Þessi ákveðna regla tryggir neytandanum að lögin um skaðsemisábyrgð skerða ekki rétt hans frá því sem hann var fyrir gildistöku.¹⁸ Þrátt fyrir þennan möguleika þá verður að teljast líklegt að maður myndi benda neytandanum á að besta leiðin væri að reisa kröfu sína á lögum um skaðsemisábyrgð. Það má því halda því fram að sú

¹⁴ Viðar Már Matthíasson. Um lög og rétt, bls 294.

¹⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 222.

¹⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 237.

¹⁷ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 237.

¹⁸ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 528.

heimild sem neytandinn hefur til að reisa kröfu á almennum skaðabótarétti hafi ekki mikla raunhæfa þýðingu.

2.4. Staða skaðsemisábyrgðar innan fræðikerfis lögfræðinnar

Eins og fram hefur komið þá er skaðsemisábyrgð ábyrgð vegna tjóns sem söluvara með hættulega eiginleika veldur. Skaðsemisábyrgð tekur ekki til galla á hlutum sjálfum. Aðrar reglur gilda um gallaða söluvöru en það fellur undir reglur kauplaganna nr. 50/2000, laga um neytendakaup nr. 48/2003 eða jafnvel laga um fasteignakaup nr. 40/2002.¹⁹ Þá er um að ræða skaðabótaábyrgð innan samninga, samningsábyrgð.²⁰ Skaðsemisábyrgð er mikið til umfjöllunar í kauparétti og fyrir gildistöku laganna um skaðsemisábyrgð voru kauparéttarlögin ein helsta réttarheimild Íslendinga í málum er vörðuðu ágalla á vöru. Á seinni tímum hafa nágrannarþjóðir Íslands viljað taka reglur um skaðsemisábyrgð og fella það undir skaðabótarétt, það er jafnvel gengið svo langt að flokka reglurnar sem eitt af sérsviðum þeirrar fræðigreinar.²¹ Ýmist er sagt að reglur um skaðsemisábyrgð séu á mörkum kröfuréttar, þó bara einstakra hluta hans. Þá er átt við kauparétt og skaðabótarétt. Tengingin er tvöföld, tengslin við kröfurétt eru vegna samningsins sem verður virkur við kaup á hlut sem er haldinn ágalla (samningsábyrgð), síðan eru tengslin við skaðabótarétt vegna þess tjóns sem verður, það er þá annað hvort líkams- eða munatjón.²²

¹⁹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 518.

²⁰ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 518.

²¹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 518.

²² Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 518.

3. Eldri réttur

3.1. Kaupalög

Áður en lög um skaðsemisábyrgð komu til sögunnar var lögum um lausafjárkaup nr. 39/1922 sbr. lög nr. 50/2000 („kpl“) beitt í slíkum málum. Þær lagareglur sem notast var við áður en lög um skaðsemisábyrgð komu til sögunnar halda ennþá gildi sínu en þýðing þeirra hefur aftur á móti minnkað. Það er einfaldlega þannig að lög um skaðsemisábyrgð hafa nokkuð takmarkað gildissvið, þannig gilda eldri reglur áfram.²³ Í 13. gr. laganna er gefin heimild fyrir því að bótakrafa geti byggst á öðrum reglum en er að finna í lögnum, þannig getur bótakrefjandi byggt sína málsókn á öðrum rétti ef hann kys að fara þá leið.²⁴

Telja verður líklegt að um hin ólögfestu tilvik gildi almennt sömu reglur og beitt yrði um sambærileg tilvik á grundvelli laganna. Það yrði væntanlega gert með lögjöfnun, þ.e. þegar unnt er að leggja lögfasta reglu um ákveðið tilvik til grundvallar ákvörðunar um rétt og skyldu í sambærilegu ólögfestu tilviki.²⁵ Hins vegar verður að taka fram að slík aðferð er ekki sjálfgefin, að tilvik innan og utan gildissviðs laganna séu sambærileg og það leiðir til þess að í ýmsum tilvikum er lögjöfnun ekki tæk. Líklegt verður þó að telja að leiðin þar sem bótakrefjandi styðst við lög um skaðsemisábyrgð sé almennt betri.

Athygli fræðimanna sem og áhugamanna um neytendavernd í grannlöndum Íslands, beindist mikið á hin lögfræðilegu vandamál er vörðuðu bótaábyrgð sem og önnur réttarúrræði vegna þeirra tjóna sem mátti rekja til hættulegra og skaðlegra eiginleika í framleiðsluvörum.²⁶ Þessir aðilar voru þá ekki að tala um galla á söluvöru í þeim skilningi skv. kauparétti, heldur það tjón sem gallaða söluvaran olli á öðrum verðmætum. Gölluð söluvara sem veldur tjóni á þann hátt myndi að jafnaði teljast gölluð í skilningi kauplaga. Réttur neytandans gagnvart seljanda heimilaði úrræði í samræmi við lög og venjur. Þó kom snemma í ljós að þessi niðurstaða var alls ekki fullnægjandi lausn á þeim vandamálum sem kynnu að koma fram vegna skaðlegra eiginleika söluvöru.²⁷ Á fyrri tímum var ekki hægt að greina svo glöggt undir hvað þessi tjón féllu í lagalegum skilningi, þau voru í raun mitt á milli kaupréttar og skaðabótaréttar. Þetta leiddi til þess að óvissa skapaðist um hvort beita ætti þeim reglum sem giltu um skaðabætur utan samninga eða þeim reglum sem giltu í almennum kröfurétti.²⁸ Mikil réttaróvissa hafði

²³ Jón Finnbjörnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 229.

²⁴ Jón Finnbjörnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 229.

²⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 217.

²⁶ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 233.

²⁷ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 238.

²⁸ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 238.

skapast á þessu sviði og einnig hjá grannþjóðum Íslands en þar hafði ekki verið sett löggjöf er varðaði þetta efni. Þetta leiddi til þess að afstaða íslensks réttar til þeirra vandamála sem tengdust þessu sviði varð frekar óljós, þá er einkum átt við viðeigandi bótagrundvöll . Fáir hæstaréttardómar voru til leiðbeiningar í þessum efnum sem gátu gefið fordæmisgildi.

3.2. Réttarheimild og bótagrundvöllur

Þegar ekkert samband var á milli tjónþola og þess sem krafan beindist að, sem var oftast en ekki í slíkum málum er vörðuðu tjón sem vara olli vegna skaðlegra eiginleika sinna, þá var yfirleitt ljóst að ákvæði kaupalaganna og réttaráhrif þeirra áttu einfaldlega ekki við. Það þótti augljóst að þeim lögum var ætlað að ná til þess réttarsambands sem varð innan samninga, en þegar ekkert réttarsamband var á milli aðila þá var bótaábyrgðin byggð á almennum grundvallarreglum íslensks réttar og var að mestu byggt á óskráðum reglum um skaðabætur utan samninga.²⁹

Eins og fram kemur að ofan þá voru ekki margir dómar í hæstarétti sem höfðu fordæmisgildi fyrir önnur svipuð tjón. Í dómi nr. 1974/977 (Flöskudómurinn) beittu dómstólar annarri reglu um sönnunarbyrði en algengast var í skaðabótamálum, þ.e. að sönnunarbyrðin var lögð á þann aðila sem fékk bótakröfu á hendur sér. Þetta leiddi til þess að stefndi varð að sanna að ekki hafi verið um að ræða sök hjá honum né þeim aðilum sem hann bar ábyrgð á. Mjög erfitt var fyrir þann aðila sem stóð í þessum sporum að afsanna sína sök og ábyrgð. Bótaábyrgðin var þó oftast fyrir hendi ef þessari reglu var beitt. Dómurinn er dæmi um stranga bótaábyrgð en ströng bótaábyrgð er í raun án sakargrundvallar.

Í þessu tilviki voru málsatvik þau að stúlka sem var starfsmaður í verslun, varð fyrir því að fá glerbrot í andlitið. Orsökina var sú að sóðavatnsflaska sprakk en hún var í kassa skammt frá henni. Við þetta atvik þá skarst stúlkan á auga og missti talsverða sjón . Flaskan var framleidd af gosdrykkjagerðinni Ö h/f. Í forsendum héraðsdóms kom það fram að Ö h/f hefði mátt vera kunnugt um að þær flöskur sem notaðar voru undir framleiðsluna og voru sendar á markað gátu og höfðu áður sprungið. Til þess að það gerðist þurfti enga óvenjulega meðferð. Þótti sannað að sprenging flöskunnar hafi stafað af veikleika glersins. Þótti því rétt að stefndi skyldi bera áhættuna þar sem honum tókst ekki að sporna við því að veikt gler fór í umferð. Þá þóttu merkingar ekki fullnægjandi þar sem ekki var varað við hugsanlegri slyshættu sem gat stafað af flöskunum. Bótaskylda var einnig staðfest í hæstarétti. Einn dómari skilaði sératkvæði, honum þótti rétt að sýkna Ö þar sem ekkert réttarsamband hafi verið á milli

²⁹ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 240.

stúlkunnar og Ö h/f. Þótti dómáranum eðlilegast að stúlkann beindi kröfu sinni að vinnuveitanda sínum, verslunareigandanum.³⁰

Spurningin var hins vegar um réttarstöðuna sem þarna var komin upp, þá er átt við þegar kaupandinn sjálfur hefur uppi bótakröfu vegna tjóns gegn seljandanum vegna þess að hin selda vara olli tjóni á verðmætum í eigu kaupandans. Það er fyrir víst að réttarsamband hefur stofnast með kaupsamningnum einum.

Það eru hins vegar aðrir fletir á málinu sem vert er að skoða. Það er annars vegar hættan sem af hlutum stafar út í frá og svo það tjón er hann kann að valda af þeim sökum. Hins vegar er það að vara sem ber með sér skaðlega eiginleika er oftast flokkuð sem gölluð vara í skilningi kpl. Út frá því þá er ekki horft á það öðruvísi en að slíkur galli falli undir sömu réttaráhrif og gallar almennt, þá ættu úrræði kaupanda gagnvart seljanda að geta verið þau sömu, þá er átt við riftun, afslætti og hugsanlega skaðabætur. Þessi hlið sýnir að fyrir mæli kaupalaga gilda.

Um bótaábyrgðina í seinni þættinum, þ.e. ábyrgðina vegna tjóns sem varan kynni að valda út í frá er hins vegar mikið vafamál. Ekki var vitað nákvæmlega hvenær ákvæði kaupalaganna gæti átt við þrátt fyrir að samningssambandið hafi verið til staðar.³¹ Það var hins vegar alveg ljóst að kaupalögin sjálf leystu ekki úr þessu atriði, í þeim er í raun ekkert á þetta minnst. Það leiddi að því að ekkert í kauplögunum bannaði þá úrlausn að beita þeim lögum um réttaráhrif tjóns eins og hér að ofan. Ekki þótti þetta nógu skýrt og var þá brugðið á þá ráð að leita til annarra ríkja eftir skýringagögnum til að komast að því hver var í raun vilji löggjafans í þessum efnunum.

Leitað var til nágrannaþjóða Íslendinga, n.t.t. Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Skoðaðar voru umræður greinargerðaranna um kauplögin á þjóðþingum þessara ríkja. Þessar umræður áttu sér stað í kringum aldamótin 1900. Eftir þessa skoðun þá kom í ljós að ekki ætti að túlka lögin þannig að ákvæði þeirra tækju til skaðabóta vegna tjóns sem stafaði að hættulegum eiginleikum hinnar seldu vöru. Við setningu Íslensku kaupalaganna þá var því þannig háttáð að ekki voru neinar sérstakar athugasemdir sem fylgdu með, það fór því svo að greinargerðin sem fylgdi dönsku kauplögunum var sett með.³² Mikil umræða fór fram og margir fræðimenn sendu frá sér greinar sem var ætlað að setja skýrari mynd á það hvort almennt væri hægt að beita lögunum í slíkum tjónum og þá hvernig eða færa fram rök fyrir því að það væri

³⁰ Jón Finnbjörnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 230, Dómur 1974/ 977.

³¹ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 243.

³² Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 245.

ekki hægt. Meirihluti þessara fræðimanna voru þó á því máli að kaupalögin skyldu ekki eiga við í slíkum tjónum. Þegar skoðað er hvernig norrænir dómstólar (norskir, danskir, sænskir) höfðu tekið á þessu þá kemur í ljós að þeir hafa almennt haldið því fram og komist að þeirri niðurstöðu að kaupalögin ættu ekki við vegna skaðlegra eiginleika söluvöru. Einhverjir fræðimenn hölluðust frekar að því að viðurkenna ætti undantekningu frá þeirri meginreglu sem rekja mátti til skaðlegra eiginleika söluvöru. Útskýringarnar voru þær að hin skaðlega vara skyldi sameinast því verðmæti sem skemmdist af hennar völdum, því er það ekki lengur sjálfstætt efni eða vara eftir að tjónið er orðið.³³ Ef finna ætti ástæður fyrir því af hverju ákvæðum kauplaganna var beitt þá er skýringin líklega sú að þau virtust vera einfaldur kostur í stöðunni sem og að ekkert í kaupalögnum sjálfum bannaði leiðina sem slíka.

Það lögfræðilega málefni sem hér hefur verið til umræðu var umhugsunarvert eftir að dómur féll í máli hrd.1984/110. Söluvara olli tjóni og var bótaábyrgð dæmd með beinni vísun í 3. mgr. 43. gr. kpl.³⁴ Gékk niðurstaða dómsins gegn dómvenju og skoðunum fræðimanna. Athygli vakti að Hæstiréttur rökstuddi ekki sína niðurstöðu í málinu en dómurinn átti sér ekkert fordæmi á Íslandi. Þrátt fyrir að kpl hafi ekki átt við í þeim tjónum þar sem skaðlegir eiginleikar vöru voru orsök þá var því haldið fram að hægt væri að réttlæta þessa niðurstöðu með því að líta á séreðli vörunnar. Málsatvik voru þau að fiskverkunarfyrtæki Ú pantaði salt til fiskverkunar hjá heildverslun G. Saltið reyndist síðan vera koparmengað og skemmdi það fiskinn sem Ú hafði saltað, nánar tiltekið þá olli saltið gulu í fiskinum. Þetta hafði þær afleiðingar í för með sér að fiskurinn rýrnaði í verði og dæmt að stefndi G skyldi bera skaðabótaábyrgð samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922. Aðferð hæstaréttar við úrlausn þessa máls þótti umdeilanleg. Hæstiréttur á að hafa fordæmisgildi en efasemdir voru um það fordæmi sem þessi dómur gaf. Telja mátti að Hæstiréttur hafi með þessu gefið til kynna að ákvæði laga um galla skyldi ætíð nota við ákvörðun bótaskyldu, sem og bóta í málum sem verða vegna skaðlegra eiginleika söluvöru, hugsanlega bara þegar samningssamband er á milli aðilanna.³⁵

Ljóst er að skýrleikinn sem krafist var í þeim lögum sem notast var við í málum sem varða skaðlega eiginleika söluvöru var ekki til staðar. Dómstólar settu fram niðurstöðu án útskýringa sem olli mikilli óvissu, einnig voru efasemdir um fordæmisgildi dóma miklar, slík óvissa boðaði ekki gott. Þau lagaákvæði sem gátu í einstökum tilvikum átt við skaðsemistjón

³³ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 246.

³⁴ Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það, sem að söluhlutnum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir fyrirmælum 24. gr., eftir því sem við á.

³⁵ Páll Sigurðsson. Kauparéttur, bls 251.

voru svo fá að ekki var hægt að segja annað en að þær reglur íslensks réttar um skaðsemisábyrgð hafi verið ólögfestar. Þessar reglur var fyrst og fremst að finna í fordæmum dómstóla. Þó voru einstök lagaákvæði sem gátu tekið til tjóns vegna skaðlegra eiginleika vöru, má þar nefna bótaákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 sem og lög um loftferðir nr. 34/1964. Samkvæmt þessum lögum á sá er lendir í bifreiða eða flugslysi, vegna bilunar í farartækinu, skaðabótakröfu á hendur eiganda tækisins eða þeim sem ber ábyrgð á því.³⁶ Þegar þarna er komið er ljóst að lög um skaðsemisábyrgð hafa verið nauðsynleg fyrir hinn íslenska rétt, marka þurfti stefnu er varða þessi mál. Skýrleiki laga verður að vera til staðar. Kaupalögin virtust oft vera á gráu svæði þegar það kom að málum er varða skaðsemisábyrgð. Með nýjum lögum þá eyddist óvissan og ljóst að ný lagasetning var nauðsynleg.

³⁶Alþt. 1990, A-deild, þskj. 1129 – 36. mál.

4. Evrópuréttur

4.1. Tilskipun 85/374/EBE

Tilskipunum er eingöngu beint að aðildarríkjunum, einu eða fleirum. Þær eru bindandi fyrir þann sem þeim er beint að en aðeins varðandi það markmið sem á að nást með tilskipuninni.³⁷ Þetta leiðir til þess að tilskipun skal ávallt hafa að geyma upplýsingar um það markmið sem aðildarríkjunum er ætlað að ná með sérstökum aðgerðum í innanlandsrétti.³⁸ Árið 1985 gaf Evrópubandalagið út tilskipun nr. 85/374/EBE um skaðsemisábyrgð. Lagt var fyrir aðildarlöndin að setja löggjöf til samræmis við tilskipunina innan þriggja ára.³⁹ Þeir sem börðust einna helst fyrir því að ná þessu í gegn voru Frakkar. Þeir vildu ná fram samræmingu á lögum aðildarríkjanna um þetta efni. Í frönskum rétti hafði ábyrgð framleiðanda yfirleitt verið mun strangari en í rétti annarra aðildarríkja.⁴⁰ Þetta var þó ekki fyrsta tilraunin til lagasamræmingar á þessu sviði. Það var árið 1977 sem gerður var sáttmáli á vegum Evrópuráðsins um skaðsemisábyrgð vegna líkamstjóna. Hann kom hins vegar ekki til framkvæmda og skiptir því litlu máli í dag. Í tilskipuninni kemur fram að nauðsynlegt sé að samræma lög aðildarríkja um skaðabótaábyrgð framleiðanda á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru sem hann hefur framleitt. Þá var talið að þáverandi ósamræmi kæmi í veg fyrir eðlilega samkeppni og vöruviðskipti innan hins sameiginlega markaðs og þetta hafi boðið uppá mismunandi vernd gegn líkamstjóni og eða tjóni á hlut sem hlaust af ágalla á vöru.⁴¹ Þá er fjallað um að ábyrgð framleiðanda án sakar (hlutlæg bótaábyrgð) sé eina leiðin að viðunandi svari við spurningu um hvernig dreifa megi áhættu sem fylgi nútímatækniframleiðslu á réttlátan hátt. Í tilskipuninni segir ennfremur að til að tryggja neytendavernd þá beri allir framleiðendur sem hlut eiga að framleiðsluferli ábyrgð á vöru sem þeir fullvinna eða búa til að hluta eða á hráefni sem þeir láta af hendi sem hefur ágalla. Sömu ástæður eru fyrir því að þeir sem flytja inn vörur til bandalagsins eða láta líta svo út að þeir séu framleiðendur með því að setja nafn sitt á vörukerkið bera líka ábyrgð.⁴² Þetta á þó aðallega við þegar þeir sem flytja inn vöru, eru búnir að setja vörukerki eða annað auðkenni á hana eða láta af hendi vöru sem er þannig sett fram að ekki er hægt að komast að því hver upprunalegur framleiðandi er.

³⁷ Stefán Már Stefánsson. Evrópusambandið og evrópska efnahagssvæðið, bls 142.

³⁸ Stefán Már Stefánsson. Evrópusambandið og evrópska efnahagssvæðið, bls 142.

³⁹ Jón Finnbjörnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 231.

⁴⁰ Jón Finnbjörnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 231.

⁴¹ Stjórnartíðindi EB nr. L 210/31. 1985.

⁴² Stjórnartíðindi EB 10.maí 1999.

Þar sem megináhersla þessarar ritgerðar er grundvöllur bótaábyrgðar framleiðanda og dreifingaraðila er rétt að skoða tilskipunina með það að leiðarljósi að sjá hver er framleiðandi og hver er dreifingaraðili. Fyrsta greinin lætur strax í ljós að framleiðandi beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af völdum ágalla á vöru. Í fyrstu málsgrein þriðju greinar er sagt til um hver er framleiðandi og í annarri málsgrein er fjallað um innflytjendur á vöru sem framleiðendur án þess þó að það hafi áhrif á ábyrgð upprunalegs framleiðanda. Í þriðju málsgrein er gerð grein fyrir því að dreifingaraðili vöru teljist sem framleiðandi sé ekki hægt að komast að því hver hafi búið til vöruna og á þetta líka við um innflutta vöru. Eins og áður hefur komið fram þá taldi dómstóll EB að tilskipunin fæli í sér hámarkssamræmingu hjá aðildarríkjum.

1. gr. Framleiðandi ber ábyrgð á tjóni sem hlýst af ágalla á vöru hans.

3. gr. 1., Framleiðandi“ telst sá vera er býr til fullunna vöru eða hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og auk þess sá er lætur líta svo út að hann sé framleiðandi með því að setja nafn sitt, vörumerki eða annað auðkenni á vöru.

2. Án þess að það hafi áhrif á ábyrgð framleiðandans telst hver vera framleiðandi í skilningi þessarar tilskipunar er í atvinnuskyni flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja, leigja, dreifa eða versla með hana á annan hátt og ber hann ábyrgð sem slíkur.

3. Sé ekki hægt að komast að því hver hafi búið til vöru telst hver dreifingaraðili hennar framleiðandi nema hann skýri þeim sem fyrir tjóni varð án óþarfs dráttar frá nafni og heimilisfangi framleiðanda eða þess sem afhenti honum vöruna. Þetta á líka við þegar um innflutta vöru er að ræða, beri hún ekki nafn innflytjanda, jafnvel þótt nafns framleiðanda sé getið.⁴³

Samkvæmt tilskipuninni þá gátu aðildarríki sett sérstakar reglur um einstakar framleiðsluvörur sem og að eldri reglur geta haldið gildi sínu. Þetta taldist t.d. mjög mikilvægt gagnvart bótareglum lyfjalöggjafarinnar í Þýskalandi. Árið 1976 voru settar sérstakar reglur í Austur Þýskalandi um ábyrgð á tjóni af völdum lyfja. Þær eru mjög strangar

⁴³ Stjórnartíðindi EB nr. L 210/31. 1985.

og gilda eingöngu um líkamstjón.⁴⁴ Telja má að löggjöfin í Austur-Þýskalandi sé bein afleiðing af Thalidomid slysinu.⁴⁵

4.2. Tilskipanir og reglugerðir

Í Rómarsáttmálanum kemur fram í 230. gr. að stofnanir EB, þ.e. Evrópuþingið, Ráðherraráðið og Framkvæmdarstjórnin skulu setja löggjöf til þess að ná fram þeim markmiðum og áætlunum sem koma fram í Rómarsáttmálanum. Slík löggjöf kallast afleidd löggjöf, það er til komið vegna þess að hún er leidd af og byggir á ákvæðum Rómarsáttmálans.⁴⁶ Fram kemur einnig í 230. gr. Rómarsáttmálans að reglugerðir EB eru þannig að þær hafa bein lagaáhrif þegar þær hafa verið birtar í Stjórnartíðindum EB. Þetta þýðir einfaldlega að þær hafa beina lagaverkun í aðildarríkjum EB og ekki má innleiða sérstaklega í landsrétt EB ríkja. Við birtinguna í stjórnartíðindum EB fá þær sjálfkrafa sömu stöðu og sett lög þjóðþings.⁴⁷ Annað gildir um tilskipanir, þær hafa ekki beina lagaverkun eins og reglugerðir, heldur ber að innleiða þær sérstaklega í landsrétt. Í 230. gr. Rómarsáttmálans kemur fram að aðildarríki hafa ákveðið svigrúm varðandi það hvernig tilskipun er innleidd. Til að ná fram tilgangi tilskipunar hafa ríki sett lög eða gefið út reglugerðir.

Segja má að tilskipanir séu hið hefðbundna form við lagasamræmingu innan EB. Þær hafa verið valdar til lagasamræmingar vegna sveigjanleikans við innleiðingu og tímamarka. Með þessu þá þurfa aðildarríkin ekki að vera sammála um innihald texta eða útfærslu sem og að tilskipanirnar taka skemmri tíma í smíðum.⁴⁸ Hins vegar getur þessi sveigjanleiki og óljóst orðalag verið hinn mesti ókostur. Þannig er að stundum hafa þær orðið til þess að lagasamræmingin hefur ekki verið eins áhrifamikil og stefnt var að í upphafi, einnig hefur óljóst orðalag leitt til vandkvæða við innleiðingu og framkvæmd. Aðferðir við lagasamræmingar eru mismunandi sem og hversu mikil og ítarleg hún er. Þær ákvarðanir sem teknar eru um slíkt eru í raun pólitískar og teknar á vegum stofnana EB. Það er aðallega talað um þrjú stig samræmingar, það eru:

- Hámarkssamræming
- Lágmarkssamræming
- Valkvæð samræming

⁴⁴Jón Finnbjörnsson. Skaðsemisábyrgð, bls 232.

⁴⁵ Thalidomid var róandi lyf er dreift var víða og kom í ljós að ef þungaðar konur tóku lyfið gat það leitt til þess að börnin yrðu vansköpuð.

⁴⁶ Gunnar Þór Pétursson. 2010. Viðauki 6 með rannsóknarskýrslu Alþingis, bls 10.

⁴⁷ Gunnar Þór Pétursson. 2010. Viðauki 6 með rannsóknarskýrslu Alþingis, bls 10.

⁴⁸ Gunnar Þór Pétursson. 2010. Viðauki 6 með rannsóknarskýrslu Alþingis, bls 11.

Hámarkssamræming er þannig að sviðið sem samræmt er, er samræmt að fullu. Þannig verður ekkert svigrúm fyrir aðildarríkin á efnissviði hinnar afleiddu löggjafar til þess að gera minni eða meiri kröfur eða sérútfærslur.

Lágmarkssamræming er algengasta form samræmingar, hún viðurkennir þörfina á því að aðildarríkin geti gert ríkari kröfur á ákveðnum sviðum. Lágmarkssamræming er þannig að settar eru lágmarkskröfur eða staðlar sem ríkjum ber að innleiða.

Valkvæð samræming er t.d. þegar tilskipun felur í sér valkvæða staðla sem framleiðanda vöru ber að byggja á ætli hann sér að flytja vöruna út fyrir landamæri. Ekki er nauðsynlegt að byggja á þessum stöðlum ef hann ætlar sér aðeins að setja vöruna á markað innanlands (heimaríki).⁴⁹

Það þarf að vera á hreinu hverskonar tilskipanir EB er að senda frá sér svo ekki komi upp vafamál hjá aðildarríkjunum. Gott dæmi um samræmingarstig sem vekur upp spurningar er mál EB dómstólsins, **Frankvæmdastjórnin gegn Frakklandi**⁵⁰. Málsatvik voru þau að franska ríkið hélt því fram að tilskipun 85/374/EBE um skaðsemisábyrgð væri lágmarkssamræmingartilskipun og því væri heimilt að gera ríkari kröfur í landsrétti. Dómstóllinn benti hins vegar á það að tilskipunin væri sett á grundvelli 94. gr. Rómarsáttmálans sem gerði kröfur um einróma ákvörðun ráðsins og að ekki væri gert ráð fyrir því að aðildarríkin gætu vikið frá þeim samræmingarkröfum sem kæmu fram í tilskipuninni. Dómstóllinn benti einnig á þá staðreynd að hvergi kæmi fram í inngangi tilskipunarinnar að um lágmarkssamræmingu væri að ræða. Dómstóllinn hélt því fram að tilskipunin fæli í sér hámarkssamræmingu og því óheimilt fyrir aðildarríkin að setja meiri kröfur í landslöggjöf sína.

4.3. Bókun 35 við EES samninginn

Árið 1994 tók gildi samningurinn um evrópska efnahagssvæðið. Á Íslandi eru þau lög nr. 2/1993. Samningur þessi hefur haft sín áhrif á íslenska lögfræði, þá sérstaklega hvað varðar hefðbundnar kenningar um réttshæð réttarheimilda og lögskýringar.⁵¹ Í bókun 35 við samninginn kemur fram að EES réttur skuli hafa forgangsrétt á landsrétt. Miklar hugleiðingar hafa farið fram um hvaða afleiðingar þetta hafi á íslenskan rétt. Það reynir því eingöngu á þessa reglu þegar landslög stangast á við reglur EES samningsins. Þá er spurningin hvor

⁴⁹ Gunnar Þór Pétursson. 2010. Viðauki 6 með rannsóknarskýrslu Alþingis, bls 11-12.

⁵⁰ Mál C-52/00 Frankvæmdastjórnin gegn Frakklandi (2002) I-3827

⁵¹ Dóra Sif Tynes. Úlfjótur, bls. 474.

reglan eigi við, íslenska reglan eða sú regla sem leiðir af EES samningnum. Í forgangsáhrifum EB réttar felst sú skylda dómstóla aðildarríkja að veita EB réttarreglum forgang ef þær stangast á við landsrétt. Reglan um bein réttaráhrif EB réttar var mótuð af EB dómstólum á dögum EB réttar. Það sem felst í beinum réttaráhrifum er það að einstaklingar og lögaðilar geta reitt sig á þær reglur er skapa þeim ákveðin réttindi í lögskiptum sínum við aðildarríkin fyrir þarlandum dómstólum. Ákveðin forsenda þarf að vera svo reglan um bein réttaráhrif verði virk það er ef um er að ræða ákveðið ákvæði EB réttar sem er nægjanlega skýrt og óskilyrt til þess að byggja megi á því réttindi.⁵² Þessari reglu var síðar breytt og var hún þá einnig talin ná til afleiddrar löggjafar, t.a.m. reglugerða og tilskipana. Það er hinsvegar þannig að bein réttaráhrif tilskipana koma aðeins til álita ef aðildarríki hefur ekki innleitt tilskipun á þeim tíma sem ætlast var eða að tilskipunin var ranglega innleidd. EB dómstóllinn hefur haldið því fram að ef reglan um bein réttaráhrif er ekki tæk þá skuli dómstólar aðildarríkja túlka landsrétt í samræmi við tilskipunina þannig að markmið hennar náist.⁵³

EFTA ríkin lögðu mikla áherslu á að EES samningurinn fæli ekki í sér framsal löggjafarvalds, slíkt væri stjórnarskrárbrot. Evrópusambandið lagði hinsvegar mikla áherslu á að forgangsáhrif EES réttar yrðu tryggð innan EES líkt og EB rétturinn innan ESB.⁵⁴ Á endanum varð niðurstaðan sú að sett var sérstök forgangsregla í bókun 35 við EES samninginn. Bókunin átti að áreita það að samningurinn fæli ekki í sér framsal löggjafarvaldsins. Bókunin hljóðar svona:

„Þar eð með þessum samningi er stefnt að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum, án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins; og þar eð þessum markmiðum verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi um sig.“⁵⁵

Síðan fylgir stök grein sem er svo hljóðandi:

„ Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES reglna og, sem komnar eru til framkvæmdar og annarra laga, skuldbinda EFTA ríkin sig til að setja, ef þörf krefur lagaákvæði þess efnis að EES reglur gildi í þeim tilvikum.“⁵⁶

⁵² Dóra Sif Tynes. Úlfjótur, bls. 475.

⁵³ Dóra Sif Tynes. Úlfjótur, bls. 475.

⁵⁴ Dóra Sif Tynes. Úlfjótur, bls. 476.

⁵⁵ Stefán Már Stefánsson. Evrópusambandið og evrópska efnahagssvæðið, bls 177.

⁵⁶ Stefán Már Stefánsson. Evrópusambandið og evrópska efnahagssvæðið, bls 177.

Með þessari bókun þá eru EFTA ríkin búin að skuldbinda sig til að veita innleiddum EES reglum forgang gagnvart innleiddri löggjöf. Í lögum um Evrópska efnahagssvæðið n.t.t í 3. gr. er ákvæði sem er talið koma til móts við skuldbindinguna sem felst í bókun 35:⁵⁷

„Skýra skal lög og reglur , að svo miklu leyti sem viðá , til samræmis við EES samninginn og þær reglur sem á honum byggja.“⁵⁸

Hvað varðar dómaframkvæmd á Íslandi þá hefur Hæstiréttur gengið langt í því að veita ákvæðum þjóðaréttar réttaráhrif. Má þar einna helst nefna dóma hrd. 1990/2 og hrd 125/2000. Miðað við framangreint þá er ekki hægt að gera sér almennilega grein fyrir því hvernig dómstólar á Íslandi myndu taka á máli þar sem ósamræmi væri á milli landsréttar og EB réttar, þá er átt við ef tilskipun er t.d. ranglega innleidd í landsrétt. Sé litið til dóma þar sem reynir á þjóðarétt og landsrétt þá mætti ætla að dómstólar myndu veita ákvæðum þjóðaréttarins réttaráhrif. Hæstiréttur var hinsvegar ekki á sama máli sbr. mál nr 79/2010.⁵⁹

⁵⁷ Dóra Sif Tynes. Úlfjótur, bls. 477.

⁵⁸ Dóra Sif Tynes. Úlfjótur, bls. 477.

⁵⁹ Umfjöllun um dóminn er í kafla 6.3, bls 26.

5. Lög nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð

5.1. Almennt um lögin

Lögin um skaðsemisábyrgð taka skv. 1. og 2. gr. til ábyrgðar vegna tjóns sem rakið verður til ágalla á söluvöru. Í lögnum er notað hugtakið ágalli í stað hins hefðbundna orðs „galli“. Er það gert vegna þess að þetta er annað hugtak en gallahugtakið í kaupalögnum.⁶⁰ Gildissvið laganna er takmarkað með ýmsum hætti. Í 1. gr. er almennri efnislegri takmörkun lýst, þar er því lýst að lögin gilda um skaðabótaábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila á tjóni sem verður vegna ágalla á vöru sem þeir hafa framleitt eða dreift.⁶¹ Í greinargerða laganna er sagt um 1. gr. að það þurfi ákveðin grundvallarskilyrði svo að skaðabótaábyrgð stofnist. Þessi grundvallarskilyrði eru;

1. Tjónið þarf að vera á mönnum eða munum.
2. Tjónið þarf að vera rakið til vöru í merkingu 3. gr. frumvarpsins.⁶²
3. Varan þarf að vera haldin ágalla sbr. skilgreiningu í 5. gr.
4. Krafan þarf að beinast gegn framleiðanda vörunnar, innflytjanda hennar eða dreifingaraðila.

Fræðimenn vilja þó meina að gildissvið laganna sé þrengt verulega í öðrum ákvæðum laganna, segja má að hægt sé að skipta takmörkunum í fimm þætti. Það fyrsta er að lögin taka einungis til tiltekinna tjóna. Í öðru lagi er hugtakið vara skilgreint sérstaklega í lögnum, nánar verður fjallað um það síðar. Í þriðja lagi þarf vara að vera haldin ágalla. Í fjórða lagi eru takmarkanir á bótafjárhæðum í lögnum. Og í fimmta og síðasta lagi þá takmarkast ábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila af reglum laganna um meðábyrgð tjónþola.⁶³

Í 6. gr. er fjallað um grundvöll bótaábyrgðar framleiðanda. Samkvæmt frumvarpi laganna þá ber framleiðandi ábyrgð án sakar (hlutlæga ábyrgð), það er í raun bótaábyrgð sem stofnast án tillits til þess hvort tjón verður rakið til sakar. Við þetta þá fær tjónþoli betra tækifæri til að fá bætur en gengur og gerist í íslenskum réttarreglum. Þrátt fyrir þessa víðtæku reglu þarf tjónþoli alltaf að sanna tjón sitt eins og komið verður að hér að neðan. 10. gr. laganna fjallar um grundvöll bótaábyrgðar hjá dreifingaraðila en skv. lögnum þá geta sumir dreifingaraðilar talist sem framleiðendur en þá bera þeir ábyrgð eftir 6. gr. Ákveðin regla fylgir 10. gr., það er að hún gildir aðeins um þá dreifingaraðila sem ekki teljast framleiðendur skv. 4. gr. Hlutverk

⁶⁰ Jón Finnbjörnsson. Skaðabótaréttur, bls 233.

⁶¹ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 518.

⁶² Í lögnum merkir vara lausafé, þar á meðal skip,flugvélar og dýr. Tekur ekki til fasteigna og þjónustu.

⁶³ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 518.

10. gr. er að styrkja réttarstöðu tjónþola og auka tækifæri hans á að fá greiddar bætur vegna skaðsemistjóns. Nánari samanburður með útskýringum um hlutverk 6 og 10. gr. verður tekið fyrir síðar.

5.2. Vara í skilningi laganna

Í 3. gr. laganna er skilgreint hvað vara er. Segir í lögnum að orðið vara merki lausafjármuni, þar á meðal afurðir náttúrunnar. Einnig teljast til vöru þeir munir sem orðnir eru munir annars lausafjármunar eða fasteignar. Það sætir líka furðu að sérstaklega er minnst á að löggin gilda einnig um rafmagn. Fasteignir og þjónusta falla ekki undir löggin. Það gæti hinsvegar fallið undir löggin ef tjón á fasteign verður vegna ágalla í byggingarefninu eða öðru lausafé sem orðið er hluti fasteignar, þá sbr.2. mgr. 3. gr. Það er líka sérstaklega tekið fram í athugasemdum sem fylgja lögnum að vara er hvers kyns lausafjármunur og tekur það einnig til náttúrulegra afurða. Þá skiptir það ekki máli hvort afurðirnar eru unnar eða óunnar. Í frumvarpinu segir að „vara“ sé notuð í mun víðtækari merkingu en venjulega er gert í íslensku máli.⁶⁴

5.3. Vara haldin ágalla eða röng notkun

Það er skilyrði í lögnum að vara verður að vera haldin ágalla svo hægt sé að beita þeim. Varan verður einnig að hafa verið seld eða dreift. Þetta þýðir að ekki er hægt á reisa kröfu á reglum skaðsemisábyrgðar vegna tjóns sem verður vegna eiginleika vöru. Svo er líka alltaf spurning með þann sem brúkar vöruna hverju sinni, er meðhöndlunin röng eða orsakaðist tjón vegna hættulegra eiginleika. Tjónþoli ber sönnunarbyrði á því að vara sé haldin þeim ágalla sem valdið hefur tjóni. Aðilar hafa verið sammála um það að skýring orðsins ágalli er einn vandamesti þátturinn í beitingu laganna. Það kann að vera matskennt hvenær vara er talin hafa ágalla. Í lögnum eru þó leiðandi skýringar á því hvernig það skuli metið. Í 5. gr. laganna eru leiðbeiningarreglur og þar segir;

Vara telst haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum eftirfarandi:

- 1. Hvernig hún var boðin og kynnt.**
- 2. Notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir.**
- 3. Hvenær vöru var dreift.**

⁶⁴ Alpt. 1990, A-deild, þskj. 1129 – 36. mál.

Hægt er að draga mikilvægar ályktanir út frá þessu ákvæði, að kaupandi eða neytandi má vænta þess að vara hafi verið framleidd og hún boðin og kynnt í samræmi við reglur. Einnig má vænta þess að með vöru fylgi upplýsingar og leiðbeiningar sem eiga að hafa talsverða þýðingu fyrir skaðlega notkun hennar.⁶⁵ Það er vegna ákvæða 7. gr. þar sem mikilvægt er að vita hvenær vöru var dreift en 7. gr. fjallar um þau atvik sem leysa framleiðanda undan ábyrgð. Það er hins vegar háð því að hann sanni að ábyrgðin sé ekki hans skv. þeim skilyrðum sem sett eru fram í greininni.

5.4. Sönnun og orsakatengsl

Í almennum skaðabótarétti þarf tjónþoli að sanna tjón sitt. Sama gildir um skaðsemisábyrgð. Tjónþoli þarf að sanna að tjón hafi orðið vegna skaðlegra eiginleika vörunnar. Það þarf að vera orsakasamband á milli hinna skaðlegu eiginleika tjónsins. Þetta kemur fram í 2. mgr. 6. gr. laganna og segir þar að tjónþola beri að sanna tjón sitt sem og ágalla á vöru og orsakatengsl milli ágalla og tjóns.

Oft er ágreiningur í svona málum, yfirleitt er það vegna þess að aðilar eru ekki sammála um að tjón hafi orðið vegna skaðlegra eiginleika (ágalla) eða hvort sá sem varð fyrir tjóninu hafi borið sig ranglega við notkun vörunnar.⁶⁶ Gera þarf venjulegar kröfur til tjónþola um að hann sanni að ágalli hafi verið á vöru⁶⁷. Það getur verið erfitt fyrir tjónþola að sanna sitt tjón. Tjónþoli kaupir t.a.m. matvöru, hann er einn þegar hann neytir hennar. Þar af leiðandi er hann einn til frásagnar um atburðinn og því gæti verið erfitt að sanna að tjónið hafi átt sér stað vegna ágalla í vörunni. Í lögnum er einnig ákvæði um meðábyrgð tjónþola. Í 9. gr. kemur fram að heimilt sé að lækka bætur eða fella þær niður ef tjónþoli er meðvaldur af tjóni af ásetningi eða gáleysi. Ekki er skilið á milli líkamstjóns og munatjóns.

5.5. Dönsk fyrirmynd

Íslensku lögum um skaðsemisábyrgð eiga sér danska fyrirmynd. Lögum íslensku eru að mestu samhljóða dönskum lögum um „produktansvar“. Dönsku lögum eru sniðin eftir tilskipun EB frá árinu 1985.⁶⁸ Íslendingar hafa reyndar verið duglegir að sækja í smiðju Dana þegar kemur að skaðabótarétti. Það er einfalt fyrir Íslendinga að apa eftir Dönum á þessu sviði. Það er hinsvegar spurning hvort þessi lög hafi tekið gildi og síðan ekkert fylgst með þróun þeirra í Danmörku eða Evrópu. Eins og áður hefur komið fram þá átti að vera hámarkssamræming í

⁶⁵ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 523.

⁶⁶ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 525.

⁶⁷ Viðar Már Matthíasson. Skaðabótaréttur, bls 525.

⁶⁸ Arnljótur Björnsson. Kaflar úr skaðabótarétti, bls 281.

tilskipuninni frá árinu 1985. Það er mjög ólíklegt að Íslendingar taki upp á því einir og sér að breyta sínum lögum þar sem þeir sömdu þau í raun ekki sjálfir. Líklega þurfa þeir að fylgjast með lagasetningum í Danmörku. Það getur verið mikil vinna að fylgjast með því sem Danir gera hverju sinni. Það vekur athygli þegar lögin eru skoðuð, bæði dönsk og íslensk að Danir hafa breytt sínum lögum en þau íslensku eru óbreytt frá upphafi. Slík stöðnun er ekki góð. Lögin eru frekar ung og því ekki boðlegt að dragast strax aftur úr í þessari lagasetningu. Hér er hins vegar ekki verið að ræða um stórvægilegar breytingar en samt breytingar sem geta skipt miklu máli þegar upp er staðið. Samanburður á þessum lögum verður tekinn fyrir hér á eftir þar sem þessar breytingar er skýrðar frekar, þó með áherslu á 6 og 10. gr. laganna.

6. Samanburður á ákvæðum 6. og 10. gr. íslenskra og danskra laga um skaðsemisábyrgð

6.1. Almenn

Hingað til er búið að ræða almennt um skaðsemisábyrgð á Íslandi. Hér að neðan er samanburður á tveimur greinum í lögnum sem eru óskýrar þegar kemur að lesningu þeirra. Þetta eru 6. og 10. gr. sem fjalla annars vegar um bótagrundvöll framleiðanda og hins vegar um bótaábyrgð dreifingaraðila.

Það vekur athygli að breytingar hafa verið gerðar á lögnum í Danmörku en ekki á Íslandi. Eftir breytinguna á dönsku lögnum er bótaábyrgð framleiðandans mun skýrari en bótaábyrgð dreifingaraðilans í dönsku lögnum.

Greinargerð íslensku laganna um skaðsemisábyrgð er fremur óskýr og gætir ósamræmis í henni og líka í lögnum sjálfum. 3. mgr. tilskipunar 85/374/EBE fjallar um dreifingaraðila. Þar kemur í ljós að um svokallaða varaábyrgð er að ræða og ætti eingöngu að koma til ef ekki er vitað um hver framleiðandi eða innflytjandi er. Skilja má þessa túlkun eins og 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna en þessi túlkun er ekki í samræmi við 10. gr.

Lítil dómaframkvæmd hefur verið á Íslandi þar sem reynir á hlutlæga ábyrgð dreifingaraðila en ástæða þess getur verið að ekki er búið að breyta 10. gr. eins og Danir gerðu um lagasetningu í skaðabótarétti. Í samanburðinum verða íslensku lögini tekin fyrir fyrst og síðan þau dönsku. Umfjöllun um íslensku lögini er mun skýrari og innihaldsmeiri, einnig kemur Evrópuréttur fyrir í umfjölluninni í 10. gr. dönsku laganna

6.2. Framleiðandi samkvæmt lögum nr. 25/1991

I. Hver telst vera framleiðandi skv. lögnum

Í 4. gr. er skilgreint nákvæmlega hver telst vera framleiðandi vöru en hún hljóðar svona:

Framleiðandi telst vera sá sem býr til fullunna vöru; einnig sá sem býr til hluta vöru eða lætur af hendi hráefni og sá er vinnur eða aflar afurða úr náttúrunni. Enn fremur hver sem lætur líta svo út að hann sé framleiðandi með því að setja nafn sitt á vöru, vörumerki eða annað auðkenni.

2. mgr. Auk þess skal hver sá teljast framleiðandi sem í atvinnuskyni flytur vöru til landsins í þeim tilgangi að selja hana, leigja eða versla með hana á annan hátt.

Þegar ákvæðið er skoðað þá er það ljóst að sá sem kemur nálægt framleiðslunni fellur undir það að teljast framleiðandi. Framleiðandi er sá sem býr til hina fullunnu vöru. Einnig er framleiðandi sá sem býr til hluta úr vöru. Samkvæmt lögnum þá er sá aðili sem lætur líta svo út að hann sé framleiðandi með því að merkja vöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru auðkenni, framleiðandi í skilningi þeirra. Merking vöru getur verið margskonar, því er spurning um hvernig merkingar eiga við í þessu samhengi. Ef merking er ekki að gefa í skyn að um framleiðslu sé að ræða þá er seljandi klárlega orðinn dreifingaraðili og heyrir því undir 10. gr. laganna.

Einnig eru þeir sem flytja vöru inn til landsins taldir vera framleiðendur, það er þó háð því að innflutningurinn sé í atvinnuskyni, að varan sé flutt inn til þess að selja hana eða stunda einhverskonar viðskipti með hana. Það er annað mál ef innflytjandi vöru hyggst ekki selja eða versla með vöruna á einhvern hátt, t.d. sá aðili sem flytur inn vöru og hyggst nota hana í eigin atvinnurekstri, þá telst hann ekki framleiðandi. Ábyrgð hans er þá ekki eins og í 2. mgr. laganna, mál á hendur honum yrði þá rekið á reglum almenns skaðabótaréttar.

Framleiðandi getur því verið sá sem framleiðir vöruna, kemur að framleiðslu vörunnar eða býr til einhvern hlut svo að varan verði fullunnin, eða sá sem gefur sig út fyrir að vera framleiðandi með merkingu á vörunni. Með því einu að merkja sér vöruna er líklegt að meiri ábyrgð skapist gagnvart neytandanum. Dæmi um slíka merkingu eru þær vörur sem unnar eru sérstaklega fyrir tilteknar matvöruverslanir.

II. Hvaða ábyrgð ber framleiðandi skv. lögnum

Í 6. gr. laganna kemur fram að framleiðandi skuli greiða bætur fyrir tjón sem verður rakið til ágalla á vöru sem hann hefur framleitt eða dreift. Þessi grein er meginreglan um grundvöll bótaábyrgðar framleiðanda. Framleiðandi ber ábyrgð án sakar (hlutlæg ábyrgð). Það þýðir einfaldlega að bótaábyrgð skapast án tillits til þess hvort tjón verður rakið til sakar eður ei. Samkvæmt lagafrumvarpinu er ekki til víðtækari bótaábyrgð um bótaskyldu utan samninga í íslenskum lögum. Þessi regla er sett fram til þess að tjónþoli hafi betra tækifæri til bóta en gengur og gerist í almennum skaðabótarétti. Það ber þó að taka fram að þessi víðtæka ábyrgð er ekki undantekningarlaus. Í 7. gr. eru talin upp þau atriði sem leysa framleiðandann undan bótaábyrgð:

7. gr. Framleiðandi ber ekki ábyrgð eftir lögum þessum ef hann sannar:

1. að hann hafi ekki dreift vöru þeirri sem tjón hlaust af,

2. að framleiðsla eða dreifing vöru hafi eigi verið í atvinnuskyni,

3. að ágalli vöru verður rakinn til ófrávíkjanlegra fyrirmæla hins opinbera um gerð hennar eða
4. að ekki var unnt að finna ágallann á grundvelli fræðilegrar eða tæknilegrar þekkingar sem völu var á þegar vöru var dreift.
2. mgr. Enn fremur ber framleiðandi ekki ábyrgð ef ætla má að ágalli sá, er tjón varð rakið til, hafi eigi verið fyrir hendi þegar hann dreifði vöru.
3. mgr. Framleiðandi einstaks hlutar, sem notaður er til annarrar framleiðslu, er ekki ábyrgur ef hann leiðir í ljós að ágallinn verður rakinn til gerðar hinnar fullunnar vöru eða fyrirmæla þess sem býr hana til.

III. Eðlilegar reglur ?

Það að framleiðandi er gerður bótaábyrgur með hlutlægri ábyrgð vegna ágalla á söluvöru verður að teljast eðlilegt. Réttur neytandans verður að vera tryggður þegar hann verslar vöru. Varðandi innflutning á vöru þá mætti telja það ósanngjarnt gagnvart þeim aðila sem stendur að innflutningnum að hann sé gerður ábyrgur vegna ágalla á vöru. Innflytjandinn hefur í raun ekkert komið nálægt framleiðslunni á vörunni og oftast en ekki hefur hann ekki meðhöndlað vöruna eins og neytandinn gerir, þ.e.a.s. varan kemur til innflytjanda innpökkuð og fer þaðan til smásala. Hann getur því ekki gert sér fulla grein fyrir því hvort vara er haldin ágalla eða ekki. Þar með er verið að leggja á hann bótaábyrgð þrátt fyrir að hafa hvergi komið nálægt í framleiðsluferli vörunnar. Í lagafrumvarpinu fyrir lögina kemur fram að þessu sé svona háttað til þess að vernda neytandann sem mest. Í frumvarpinu segir orðrætt;

„Tilgangur ákvæða 2. mgr. er sá að veita neytandanum sem mesta réttarvernd. Ákvæði þetta á að tryggja að ætíð sé unnt að gera skaðabótakröfu á bótaskyldan aðila sem á varnarþing á Íslandi.“⁶⁹

Það væri auðvitað ósanngjarnt fyrir neytandann að þurfa leita út fyrir Ísland ef til tjóns kæmi. Kostnaðurinn við málsókn sem færir fram á erlendri grundu er líklega ekki boðlegur fyrir hinn almenna borgara. Það er því ljóst að þessi lög um bótaábyrgð framleiðanda eru sett með hag neytandans í huga. Ábyrgðin er mjög víðtæk og tjónþoli á aldrei að þurfa að leita langt til að finna hver er framleiðandi. Með þessu fyrirkomulagi er niðurstaðan sú að möguleikar á bótum eru miklir. Það er hinsvegar ekki nóg fyrir tjónþola að segjast hafa orðið fyrir tjóni, hann verður að sanna tjón sitt sem og orsakatengsl milli tjóns og ágalla á vörunni. Hinsvegar er bótaábyrgðin svo víðtæk í slíkum tjónum að hugsanlega reynir ekki eins mikið á sönnunarbyrðina eins og gengur og gerist í öðrum tjónum í skaðabótarétti. Eins og fram hefur

⁶⁹ Alpt. 1990, A-deild, þskj. 1129 – 36. mál.

komið getur komið upp ágreiningur í slíkum málum. Tjónþoli þarf að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna hinna skaðlegu eiginleika vörunnar, hann þarf að sanna ágallann og sitt tjón. Framleiðandi þarf hins vegar að afsanna ágallann og komast að því eftir bestu getu hvort tjónþoli hafi farið ranglega að við notkun vörunnar. Það er því ljóst að ábyrgð þess sem túlkast framleiðandi, í skilningi laganna, er mjög víðtæk, eins er innflytjandi vöru sem hyggst selja hana mjög berskjaldaður ef tjón verður. Innflytjandi vöru tekur gríðarlega áhættu með trausti sínu á erlenda framleiðendur og um leið ábyrgist hann það tjón sem kann að koma upp vegna hugsanlegra skaðlegra eiginleika vöru.

6.3. Dreifingaraðili samkvæmt lögum nr. 25/1991

I. Hver telst vera dreifingaraðili skv. lögnum

Dreifingaraðili er skilgreindur í 3 og 4. mgr. 4. gr. laganna og hljóðar hún svona:

3. mgr. Dreifingaraðili telst hver sá sem í atvinnuskyni dreifir vöru án þess að teljast framleiðandi.

4. mgr. Geti tjónþoli ekki komist að því hver hefur búið til vöru sem framleidd er hér á landi eða flutt vöru til landsins skal sérhver dreifingaraðili hennar teljast framleiðandi.

Dreifingaraðili er skýrður þannig í greinagerð laganna að hann sé sá aðili sem eingöngu selur eða á viðskipti með vöru. Svo segir einnig að gangi vara kaupum og sölum sé meginreglan sú að allir seljendur hennar aðrir en framleiðandi skv. 1. eða 2. mgr. 4. gr., teljast dreifingaraðilar og bera því ábyrgð eftir 10. gr. Í þeim flokki eru smásalar og hugsanlega einstaklingar sem eru sjálfstæðir dreifingaraðilar. Þetta eru aðilar sem kaupa vöru hjá framleiðanda eða innflytjanda og selja svo út aftur til neytanda.

II. Dómur Hæstaréttar í máli 79/2010

Þann 9. desember 2010 féll dómur í hæstarétti sem varpað getur ljósi á ábyrgð dreifingaraðila. Í máli þessu voru áfrýjendur bæði innflytjandi og dreifingaraðili. Smásali í Njarðvík var dreifingaraðili og áfrýjaði dómi héraðsdóms Reykjavíkur til Hæstaréttar þar sem talið var að 10. gr. laganna um skaðsemisábyrgð væri andstæð tilskipun nr. 85/374/EBE. Málsatvik voru þau að kona keypti sælgætisúða af gerðinni Sour Blast fyrir dóttur sína (stefnda) sem var þá 5 ára gömul. Úðann keypti hún í verslun í Njarðvík. Úðinn var í lítilli plastflösku, til að neyta sælgætisins átti að sprauta úða af vökvanum beint upp í munn. Stefnda náði að opna flöskuna og tók sopa af vökvanum, við það svelgdist henni á og hrökk hluti af vökvanum í lungu hennar. Dómkvaddir matsmenn töldu að tjón þetta hafi leitt til 8% varanlegrar örorku og 8

stiga varanlegs miska. Hæstiréttur benti á að í 4. gr. laganna væri upptalið hver teldist framleiðandi. Í 6. gr. er svo fjallað um þá skaðabótaskyldu sem framleiðandi bakar sér komi til tjóns sem rakið verður til ágalla á vöru sem hann hefur framleitt eða dreift, í 10. gr. er að auki mælt fyrir um að dreifingaraðili beri ábyrgð á skaðsemistjóni beint gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum. Dómurinn vildi ekki fallast á það með áfrýjanda að í þessum ákvæðum fælist þversögn. Vildi dómurinn tvímælalaust meina af orðum 10. gr. og 11. gr. laganna að dreifingaraðila er ætlað að bera fulla ábyrgð á tjóni með framleiðanda gagnvart tjónþola, dreifingaraðili losnar ekki undan ábyrgð þótt tjónþoli geti leitað skaðabóta úr hendi framleiðanda. Enn fremur vildi dómurinn ekki taka til greina dóm Evrópubandalagsins frá 10.jan 2006 en þar komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að ákvæði danskrar löggjafar um skaðsemisábyrgð sem felldu skaðabótaskyldu án sakar á dreifingaraðila samhliða framleiðanda vöru á sama hátt og gert var í þessu máli, væru andstæð tilskipun 85/374/EBE.

Ástæðan var sú að tilskipunin hefur ekki lagagildi á Íslandi. Áfrýjandi hafði bent á 3. laga nr. 2/1993 um að skýra ætti lög að miklu leyti til samræmis við EES-samningin. Dómurinn féllst ekki á þau rök og sagði að það orðalag sem væri í íslenskum lögum skyldi framast gefin merking, sem rúmast innan þeirra og kemst næst því að svara til sameiginlegra reglna sem gilda eiga á Evrópska efnahagssvæðinu, þessi regla geti þó ekki haft þau áhrif að litið verði framhjá orðum íslenskra laga. Niðurstaðan var því sú að orðalag 10. gr. um beina ábyrgð dreifingaraðila gefur ekkert svigrúm til að hliðra þeirra ábyrgð með skýringu skv. 3. gr. laganna um EES-samninginn.

III. Hvaða ábyrgð ber dreifingaraðili skv. lögnum

Í 10. gr. laganna kemur fram að dreifingaraðili ber ábyrgð á skaðsemistjóni gagnvart tjónþola og síðari dreifingaraðilum. En hver er þá skýr ábyrgð dreifingaraðila? Í greinagerð laganna stendur að ábyrgðin sé dreifingaraðilans hafi hann dreift vöru í atvinnuskyni. Ábyrgð dreifingaraðila er þó nokkuð víðtækari en það. Ábyrgð hans kemur ekki einungis til vegna vöru sem hann selur heldur nær hún einnig til vöru sem hann lætur af hendi í atvinnuskyni á annan hátt. Það gæti t.d. verið kaupleigusamningur eða leigusamningur. Í greinagerð laganna kemur einnig fram að orðin „í atvinnuskyni“ skuli takmarka gildissvið ákvæðanna um dreifingaraðila. Ábyrgðin nær þá ekki til aðila sem selur vöru í hans eigu þrátt fyrir að hann sé atvinnurekandi svo framarlega sem það er ekki atvinna hans. Lögð er mikil ábyrgð á dreifingaraðila í 4. mgr. Komi til tjóns og tjónþoli getur ekki komist að því hver framleiddi vöruna hér á landi eða flutti hana til landsins þá skal dreifingaraðili teljast framleiðandi. Það sem er sameiginlegt með 6. gr. (Bótaábyrgð framleiðanda) og 10. gr. (Ábyrgð dreifingaraðila)

er það að ábyrgðin stofnast án tillits hvort tjón verður rakið til sakar, ábyrgðin er hlutlæg eftir báðum þessum greinum. Í greinargerðinni kemur það fram að þessar reglur eru frábrugðnar að því leyti að ábyrgð dreifingaraðila skv. 10. gr. er háð því að framleiðandi eða fyrri dreifingaraðili beri ábyrgð á skaðsemistjóni. Þeir fræðimenn sem komu að þessum lögum vilja líkja ábyrgðinni sem felst í 10. gr. við ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns.⁷⁰ Þarna kemur það enn á ný í ljós hversu vel neytandinn er í raun varinn með þessum lögum. Tryggt er að neytandinn getur leitað réttar síns án þess að þurfa að leita langt. Réttur neytandans er svo endanlega staðfestur í greinargerðinni, þar kemur skýrt fram að hlutverk 10. gr. er að styrkja réttarstöðu tjónþola.

IV. Eðlilegar reglur ?

Það er alveg ljóst að ábyrgð dreifingaraðila skv. 10. gr. er mun skýrari eftir dóm hæstaréttar í máli nr. 79/2010. Mun auðveldara er fyrir einstaklinga og lögaðila að gera sér grein fyrir hver rétturinn er.

Í 4. mgr. 4. gr. laganna kemur fram að dreifingaraðili er bótaábyrgur ef ekki er vitað hver framleiðandi er. Dómurinn í máli 79/2010 markar ákveðin tímamót. Í málinu er vitað hver framleiðandinn er en þrátt fyrir það var dreifingaraðili gerður bótaábyrgur. Dómurinn tekur fram að það væri ljóst af orðum 10. og 11.⁷¹ gr. að dreifingaraðila væri ætlað að bera fulla ábyrgð á tjóni með framleiðanda gagnvart tjónþola, dreifingaraðili losni ekki undan ábyrgð bara vegna þess að tjónþoli ætti þann kost að leita skaðabóta úr hendi framleiðanda.

Það að dómurinn vill eða samþykki ekki að dreifingaraðili losni undan ábyrgð þegar vitað hver framleiðandinn er verður því að skiljast þannig að 4. mgr. 4. gr. samrýmist 10. gr. þó það reyni beinlínis ekki á það ákvæði í málinu. Hver er þá tilgangurinn með 4. mgr. 4. gr. og hvenar losnar dreifingaraðili undan bótaábyrgð? Í greinargerðinni sem fylgir lögnum er það tekið skýrt fram hverjar þær upplýsingar eru sem dreifingaraðili þarf að láta tjónþola fá vilji hann komast hjá því að vera talinn framleiðandi. Miðað við túlkun hæstaréttar er erfitt að gera sér grein fyrir hvenær dreifingaraðili getur komist undan ábyrgð með 4. mgr. 4. gr.

10. gr. er til komin til að styrkja réttarstöðu neytandans. Ábyrgðin er svokölluð varaábyrgð og ætti eingöngu að koma til ef framleiðandi er ekki þekktur eða er jafnvel ekki með varnarþing á Íslandi. Það verður hins vegar að teljast að 10. gr. laganna er mjög sanngjörn fyrir neytandann og setur hann í mun betri réttarstöðu vegna vörukaupa sinna. Í greinargerð

⁷⁰ Alþt. 1990, A-deild, þskj. 1129 – 36. mál.

⁷¹ Nú eru tveir eða fleiri bótaskyldir eftir þessum lögum vegna sama tjóns og bera þeir þá óskipta ábyrgð.

laganna kemur fram að ákvæðin um bótaskyldu innflytjanda og dreifingaraðila eiga að tryggja að tjónþoli geti lögsótt innlendan aðila vegna skaðsemistjóns.⁷²

6.4. Ákvæði 6. gr. dönsku laganna um skaðsemisábyrgð

Eins og áður hefur komið fram þá eru Íslendingar duglegir að sækja í smiðju Dana þegar kemur að smíðum lagagreina í skaðabótarétti. Hér að ofan var farið í gegnum það hvernig 6. gr. íslensku laganna um bótaábyrgð framleiðanda virkar. Ákvæði 6. gr. í dönsku lögunum um produktansvar þjónar nákvæmlega sama tilgangi og sú íslenska enda er hún fyrirmynd hennar og hljóðar svo:

„En producent skal erstatte skade, der er forårsaget af en defekt ved et produkt, som er produceret eller leveret af denne.“⁷³

Í greininni er einfaldlega verið að segja að framleiðanda ber að bæta tjón er hlýst af ágalla á vöru sem er framleidd af honum. Þessar lagagreinar þ.e.a.s. 6. gr. íslensku laganna um skaðsemisábyrgð og 6. gr. dönsku laganna um produktansvar eru með nákvæmlega sömu túlkun varðandi ábyrgð framleiðanda. Báðar greinarnar eru í samræmi við tilskipun nr. 85/374/EBE. Bótaábyrgð framleiðanda er mun skýrari heldur en bótaábyrgð dreifingaraðila. Það sama er upp á teningnum í Danmörku og á Íslandi, þar eru nákvæmlega sömu aðilar skilgreindir sem framleiðendur sbr. 4. gr. Munurinn á greinunum er lítill sem enginn og því ekki frekari þörf á að skýra bótaábyrgð framleiðanda nánar skv. dönsku lögunum.

6.5. Ákvæði 10. gr. dönsku laganna um skaðsemisábyrgð

Í 10. gr. dönsku laganna um skaðsemisábyrgð er fjallað um ábyrgð dreifingaraðila. Ábyrgðin sem hvílir á dreifingaraðila er eins og í íslensku lögunum fremur óskýr. Fyrstu lögin um skaðsemisábyrgð tóku gildi í Danmörku árið 1989. Þau lög eru fyrirmynd íslensku laganna um skaðsemisábyrgð og eins og fram hefur komið eru þau sniðin eftir tilskipun EB frá 1985. Ákvæði 10. gr. dönsku laganna frá 1989 hljóðar svo;

„En mellemhandler hæfter for produktansvar umiddelbart over for skadelidte og senere mellemhandlere i omsætningskæden.“⁷⁴

Frá upphafi var áætlunin sú að leggja á dreifingaraðila hlutlæga bótaábyrgð eins og gert var við framleiðendur og innflytjendur. Það sem vekur hins vegar athygli er að Danir eru búnir að

⁷² Alþt. 1990, A-deild, þskj. 1129 – 36. mál.

⁷³ Lov nr. 371 af 7. juni 1989 om produktansvar.

⁷⁴ Lov nr. 371 af 7. juni 1989 om produktansvar.

breyta sínum lögum og bæta við nýju ákvæði við 10. gr. Hið nýja ákvæði er undir 10a og svohljóðandi:

„En mellehandler hæfter umiddelbart over for skadelidte og senere mellehandlere i omsætningskæden for ansvar for produktskader omfattet af § 2, i det omfang skaden skyldes fejl eller forsømmelse begået af producenten eller tidligere mellehandlere i omsætningskæden.“⁷⁵

Hið nýja ákvæði laganna snýr aðallega að vanrækslu framleiðanda og nýrri ábyrgð dreifingaraðila. Samkvæmt nýrri 10. gr. laganna þá er dreifingaraðili ábyrgur samkvæmt venjulegum reglum um ágalla á vöru en sönnunarbyrðin hvílir á tjónþola. Einnig ber dreifingaraðili ábyrgð fyrir hönd framleiðanda gegn síðari dreifingaraðilum í þeim tilvikum sem framleiðandi hefur sýnt af sér vanrækslu. Markmiðið með breytingunni var að gera neytandanum kleift að gera dreifingaraðilann ábyrgan vegna tjóns sem varð vegna skaðlegra eiginleika söluvöru. Dreifingaraðili ber fyrir vikið bótaábyrgð ef tjónþoli sannar tjón sitt. Hérna er dreifingaraðili kominn í sama hlutverk og innflytjandi vöru, hægt er að gera hann ábyrgan vegna tjóns sem verður að völdum ágalla þrátt fyrir að hann hafi í ekki komið nálægt framleiðsluferli vörunnar. Hið nýja ákvæði er mjög íþyngjandi fyrir dreifingaraðilann.

I. Mál 402/03. Forúrskurður

Kveikjan að nýrri lagasetningu var vegna máls sem danski landsrétturinn sendi til EB-dómstólsins þar sem óskað var eftir forúrskurði. Málið sem sent var til forúrskurðar var á milli Mikkelsen og Nielsen gegn Bilka Lavprishus og Bilka Lavprishus gegn Skov Æg.⁷⁶ Mikkelsen og Nielsen eru neytendurnir sem urðu fyrir tjóni, Bilka er seljandinn og Skov Æg er framleiðandinn. Danski landsrétturinn spurði fimm spurninga. Helstu niðurstöður voru þær að tilskipunin um skaðsemisábyrgð frá 1985 fól í sér hámarkssamræmingu. Skv. því þá eru ábyrgir aðilar í 1. og 3. gr. hennar og einnig að hún útilokar tilvist reglu í landsrétti þeirra ríkja þar sem dreifingaraðili er gerður ábyrgur. Þá er átt við að ekki er hægt að gera dreifingaraðila bótaábyrgan á annan veg en fram kemur í 3. mgr. 3. gr. þ.e.a.s. með hlutlægrri bótaábyrgð en þá á grundvelli hlutlægrar ábyrgðar framleiðanda. Dómstóllinn komst einnig að þeirri niðurstöðu að tilskipunin útilokar ekki reglur í landsrétti þar sem dreifingaraðili ber ótakmarkaða ábyrgð á grundvelli sakarábyrgðar framleiðanda.

⁷⁵ Lov nr. 541 af 8. juni 2006 om Lov om ændring af lov om produktansvar.

⁷⁶ Mál nr. C-402/03

6.6. Niðurstaða umfjöllunar um 10. gr.

Þarna kom í ljós sá óskýrleiki sem var til staðar, það var í raun ekki vitað hvernig ætti að leysa þetta skv. lögnum vegna þess að bótaábyrgðin sem hvílir á dreifingaraðila er ekki nægjanlega skýr svo hægt sé að greina hana strax. Með breytingunni á 10. gr. laganna er sú ábyrgð sem hvílir á dreifingaraðila augljós. Það að tilskipunin fól í sér hámarkssamræmingu gaf skýra mynd að þeir aðilar sem eru ábyrgir eru tíundaðir í 1. og 3. gr. Það sýnir einnig hver staða laganna var þegar EB dómstólinn útilokaði tilvist reglu í landsrétti sem gera dreifingaraðila ábyrgan. Með því einu að bæta ákvæði við 10. gr. hafa Danir tekið skref fram á við í skaðabótarétti. Þessi breyting Dana átti sér stað eins og áður sagði í júní 2006. Eins og fram kom í kaflanum um Evrópurétt þá tók samningurinn um EES svæðið gildi á Íslandi þann 1. jan. 1994. Í III viðauka með samningnum er tilvísun í tilskipun ráðsins frá 85/374/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum. Því er það ljóst að íslenska ríkinu bar skylda til að innleiða efni tilskipunarinnar og aðlaga að íslenskri löggjöf. Sé tilskipunin skoðuð þá kemur í ljós að eina ákvæðið þar sem fjallar um dreifingaraðila er að finna í 3. mgr. 3. gr. en þar segir:

„Sé ekki hægt að komast að því hver hafi búið til vöru telst hver dreifingaraðili hennar framleiðandi nema hann skýri þeim sem fyrir tjóni varð án óþarfs dráttar frá nafni og heimilisfangi framleiðanda eða þess sem afhenti honum vöruna. Þetta á líka við þegar um innflutta vöru er að ræða, beri hún ekki nafn innflytjenda, jafnvel þótt nafn framleiðandans sé getið“.⁷⁷

Þegar framangreint er lesið kemur í ljós að um varaábyrgð er að ræða. Þetta er varaábyrgð sem kemur til ef ekki er vitað um framleiðanda eða innflytjanda. Skv. þessu þá ætti ábyrgð dreifingaraðila ekki að koma til ef vitað er hver framleiddi eða dreifði vörunni. Þetta er í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna um skaðsemisábyrgð. Hins vegar er þetta ekki í samræmi við 10. gr. laganna. Með þessu þá stangast 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna og 10. gr. laganna á.

Evrópurétturinn spilar hérna stórt hlutverk en með bókun 35 við EES samninginn þá er Ísland eins og kom fram í kaflanum um Evrópurétt væntanlega búið að skuldbinda sig með EES til þess að túlka ákvæði tilskipunarinnar framar lögum í landsrétti. Það þýðir einfaldlega að dómstólar ættu að túlka 10. gr. laganna til samræmis við 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar en Hæstiréttur var ekki sammála. Hæstiréttur hunsaði forúrskurð Evrópudómstólsins og EES

⁷⁷ Stjórnartíðindi EB nr. L 210/31. 1985.

samninginn með dómi sínum í máli 79/2010 og ber það fyrir sig að tilskipunin frá 1985 hafi einfaldlega ekki lagagildi hér á Íslandi. Niðurstaða hæstaréttar staðfestir engu að síður meginregluna um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar. Með dómnum eru Íslendingar búnir að búa til sína eigin túlkun á 10. gr. laganna og dóm sem er fordæmisgefandi.

7. Samantekt og lokaorð

Eins og komið hefur fram eru lög um skaðsemisábyrgð frekar ung og er dómaframkvæmd á Íslandi í samræmi við það. Áður giltu kauplög sem samt sem áður tóku ekki á því tjóni er orsakaðist vegna ágalla á vöru. Dómar voru óútreiknanlegir sem var mjög slæmt þar sem engin lög voru til um hina sönnu skaðsemisábyrgð. Því voru dómur fordæmisgefandi en erfitt var að fara eftir þeim þar sem Hæstiréttur rökstuddi oft á tíðum ekki niðurstöðu sína. Tilskipun 85/374/EBE frá árinu 1985 markaði stórt skref í lögum um skaðsemisábyrgð. Ástæða tilskipunarinnar var að ná fram samræmingu á lögum um skaðsemisábyrgð hjá aðildarríkjunum. Danir lögfestu lög um produktansvar nr.7. 1989 síðar. Íslensku lög eru að mestu leyti sniðin eftir þeim. Danir hafa hinsvegar þróað sín lög um skaðsemisábyrgð í gegnum tíðina á meðan íslensku lög hafa að mestu verið óbreytt. Mun meiri dómaframkvæmd er í Danmörku heldur en á Íslandi og því líklegra að þar reyni á fleiri ákvæði laganna. Með því ná Danir að uppfæra lög oft og aðlaga að nútímanum. Þau ákvæði sem helst voru skoðuð hér voru bótaábyrgð framleiðanda og dreifingaraðila. Í þessum ákvæðum þ.e.a.s. 6. og 10. gr. er stór munur hvað varðar skýrleika. Bótaábyrgð framleiðanda er nokkuð skýr og ákveðin, það sama er ekki hægt að segja um bótaábyrgð dreifingaraðila. Það ákvæði er mjög óskýrt. Greinagerð laganna er að auki andstæð lögum sjálfum. Skv. tilskipuninni þá á bótaábyrgð dreifingaraðila ekki að koma til ef ekki er hægt að finna framleiðanda eða innflytjanda.

Dómur hæstaréttar í máli nr. 79/2010 er fordæmisgefandi þegar kemur að túlkun 10. gr. Með dómnum er Hæstiréttur að staðfesta meginregluna um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar, þ.e. að þjóðaréttur gildir ekki á Íslandi fyrr en hann hefur verið lögfestur. Dómurinn tekur fram að tilskipun 85/374/EBE hafi ekki lagagildi á Íslandi og þrátt fyrir að í 3. gr. laga um EES samninginn komi fram að skýra skuli lög og reglur til samræmis við EES samninginn þá heldur dómurinn því fram að lagaákvæðið sem slíkt geti ekki leitt til þess að litið verði framhjá orðum íslenskra laga. Túlkun hans á 10. gr. er einfaldlega sú að ákvæðið hafi ótvíræða merkingu og gefi ekkert svigrúm til að hliðra þeirra ábyrgð með skýringu skv. 3. gr. laga um EES samninginn. Hæstiréttur hefur komist að þessari niðurstöðu en um leið lítur hann framhjá forúrskurði frá Evrópudómstólnum og nýrri lagasetningu í Danmörku. Tilgangur tilskipunarinnar var að samræma lög um skaðsemisábyrgð í Evrópu og var það upphafið að lagasetningu í Danmörku. Ísland kom síðar með sín lög en þau eru eins og áður hefur komið fram nákvæm eftirlíking þeirra dönsku. Það verður að teljast óvenjulegt að dómurinn notist ekki við forúrskurðinn frá Evrópudómstólnum og fylgi ekki dönsku lögum sem Ísland hafði

notast við og komi með sína eigin túlkun sem er ekki eins og tilgangur tilskipunarinnar var í upphafi. Dómur hæstaréttar er tímamótadómur er varðar skaðsemisábyrgð, það er enginn annar dómur í íslenskri réttarframkvæmd sem varðar svona ágalla. Eins og niðurstaða dómsins túlkast er hugsanlegt að íslenska ríkið sé búið að baka sér skaðabótaábyrgð vegna rangrar innleiðingar á tilskipuninni. Sú regla sem gildir um skaðabótaábyrgð ríkisins er hins vegar ólögfest meginregla að skaðabótarétti og byggir á dómafordæmum. Niðurstaðan er því sú að best væri fyrir íslenska ríkið að gera strax viðeigandi ráðstafanir og breyta lögum um skaðsemisábyrgð til samræmis við Evrópurétt.

Heimildarskrá

Alþingistíðindi

1990, A-deild, þingskjal 1129 – 36. mál

Bækur

Arnþjóttur Björnsson. (1990). *Kaflar úr skaðabótarétti*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Catherine Barnard. (2010). *The substantive law of the EU: the four freedoms*. Oxford: Oxford University Press.

Davíð Þór Björgvinsson. (2008). *Lögskýringar*. Reykjavík: JPV útgáfa

Páll Sigurðsson. (1988). *Kauparéttur*. Reykjavík. Bókaútgáfa Orators

Jens Rostock-Jensen og Allan Kvist-Kristensen. (2004). *Produktansvar, Produktansvarsloven med kommentarer*. Copenhagen: Jurist og Økonomforbundets

Stefán Már Stefánsson. (2000). *Evrópusambandið og Evrópska Efnahagssvæðið*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators

Viðar Már Matthíasson. (2006). Skaðabótaréttur. Róbert R. Spanó (ritstjóri), *Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (bls. 281-341). Reykjavík: Codex

Viðar Már Matthíasson. (2005). *Skaðabótaréttur*. Reykjavík: Codex

Dómar

Erlendir:

Mál nr. C-402/03. Skov Æg v Bilka Lavprisvarehus A/S and Bilka Lavprisvarehus A/S v Jette Mikkelsen and Michael Duo Nielsen

Mál nr. C-52/00 Framkvæmdastjórnin gegn Frakkalandi (2002) I-3827

Íslenskir:

Hæstiréttur:

Dómur nr. 79/2010

Héraðsdómur:

Dómur nr. 1974/977

Dómur nr. 1984/110

Fræðirit

Arnlfjótur Björnsson. (1989, 2.hefti) Skaðsemisábyrgð. *Tímarit lögfræðinga*. Bls 85-100

Dóra Sif Tynes. (2002, 3.tbl.) Ys og þys útaf engu ? Hugleiðingar um bókun 35 við samningin um Evrópska efnahagssvæðið. *Úlfjótur*, bls 473 - 496.

Jón Finnbjörnsson. (1991, 4.hefti) Skaðsemisábyrgð. *Tímarit lögfræðinga*. Bls 228 – 241.

Greinar

Lett, Georg. (2007). Ufr Online. *Er produktansvarslovens regler om mellehandlerhæftelse – igen EU – stridige ?* Forlaget Thomson.

Heimildir af interneti

Stjórnartíðindi EB 10.maí 1999. Sótt þann 16.apríl 2010 af:

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/6E613E07ADC7335000256ACC005574A8/\\$file/399L0034.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/6E613E07ADC7335000256ACC005574A8/$file/399L0034.pdf)

Stjórnartíðindi EB 25.júlí 1985. Sótt þann 18.apríl af :

[http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/A0F59885D03F2AE300256700004E12EB/\\$file/385I0374.pdf](http://brunnur.stjr.is/ees.nsf/pages/A0F59885D03F2AE300256700004E12EB/$file/385I0374.pdf)

Lög, reglugerðir og tilskipanir

Íslensk lög:

Lög um lausafjárkaup nr. 39/1922 sbr. lög nr. 50/2000

Lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991

Lög um evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993

Dönsk lög:

Lov nr. 371 af 7. juni 1989 om produktansvar.

Lov nr. 541 af 8. juni 2006 om Lov om ændring af lov om produktansvar

Tilskipanir:

Tilskipun EB nr. 85/374

Skýrslur

Rannsóknarskýrsla Alþingis. (2010). *Viðauki 6, birtur með rannsóknarnefnd alþingis:*

Innleiðing gerða skv. EES samningnum á sviði fjármálaþjónustu í íslenskan rétt. Reykjavík :

Gunnar Þór Pétursson